

Ed.

154. Frumvarp til laga

[144. mál]

um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Flm.: Eiður Guðnason, Kjartan Jóhannsson.

VI. kafli laganna hljóði svo, en núverandi VI. kafli falli brott:

VI. KAFLI

Um sýningar kvikmynda.

1. gr.

Enga kvikmynd má sýna börnum innan 16 ára aldurs, sem ætla má að haft geti skaðleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna eða á annan hátt.

Ráðherra tilnefnið að fengnum tillögum barnaverndarráðs sérstaklega þar til hæfa menn til 5 ára í senn til þess að annast skoðun kvikmynda, sem sýndar eru í kvikmyndahúsum, og úrskurða um sýningarhæfni kvikmynda, sem seldar eru eða leigðar á myndböndum eða myndplötum.

Skoðunarmenn skulu meta, hvort mynd sé óhæf til sýningar börnum innan 16 ára aldurs eða á tilteknum aldurs skeiðum innan þess aldurs, áður en sýningar á henni hefjast fyrir almenning í kvikmyndahúsum eða hún er tekin til sölu eða útleigu á myndböndum eða myndplötum.

Eigendur kvikmyndahúsa skulu kveðja skoðunarmenn til þess að skoða kvikmyndir áður en þeir hyggjast taka þær til sýningar.

Seljendum eða leigjendum kvikmynda á myndböndum eða myndplötum er óheimilt að leigja börnum innan 16 ára aldurs myndefni, sem haft getur skaðleg áhrif á börn skv. framanskráðu. Jafnframt er óheimilt að selja eða leigja slíkt myndefni til fullorðinna, nema þeir undirriti yfirlýsingu um að þeir ábyrgist að myndefnið verði ekki til sýningar fyrir börn.

Sé myndefni þannig flokkað erlendis, að það teljist þar varhugavert til sýningar börnum eða svo má ætla af öðrum ástæðum, er seljendum eða leigjendum myndbanda og myndplátta skylt að fá fyrir fram úrskurð skoðunarmanna kvikmynda um sýningarhæfni myndefnisins gagnvart börnum. Ríkisútvarpið annast skoðun kvikmynda, sem það sjónvarpar.

Ekki aflar það barni innan ákveðins aldurs heimildar til aðgangs að kvikmyndahúsi, þar sem sýnd er mynd sem bönnuð er börnum á þess aldri, að það sé í fylgd með fullorðnum eða þeim, sem heimild hafa til að sjá viðkomandi kvikmynd.

Nú hefur kvikmynd, önnur opinber sýning eða skemmtun verið bönnuð börnum innan tiltekins aldurs, skv. 3. málsg. þessarar greinar eða 1. málsg. 43. gr., og bera þá dyraverðir og eftirlitsmenn samkomustaðar ásamt hlutaðeigandi forstöðumanni ábyrgð á framkvæmd bannsins. Þegar slík sýning hefur verið bönnuð börnum eru dyraverðir og eftirlitsmenn viðkomandi skemmtistaðar skyldir að láta þau börn, sem eftir útliti og vexti gætu verið yngri en tilskilið er, sanna aldur sinn með framvísun nafnskírteinis, þá er þau æskja aðgangs að sýningunni. Nafnskírteini er því aðeins fullnægjandi sönnunargagn um aldur í þessu sambandi, að á því sé mynd skírteinishafa með embættisstimpli lögreglustjóra og dagsetningu.

Skoðun kvikmynda fer fram í Reykjavík og skal tryggja skoðunarmönnum viðunandi aðstöðu til starfsins. Heimilt er þó ráðherra að ákveða, að skoðun fari fram utan Reykjavíkur, þar sem aðstaða er fyrir slíka skoðun að mati hans. Úrskurður skoðunarmanns skal fylgja hverri mynd og gildir hann hvarvetna á landinu.

Tveir skoðunarmenn hið fæsta skulu skoða hverja mynd. Greini þá á, skal hinn þriðja kveðja til, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, og ræður þá meiri hluti, hvort banna á mynd eða ekki.

Sá, er skoðunar beiðist, skal greiða kostnað við hana, þar á meðal þóknun til skoðunarmanna, eftir ákvörðun ráðherra.

Barnaverndarnefndir á viðkomandi stöðum skulu hafa eftirlit með að aðeins séu þar sýndar börnum kvikmyndir, sem kvikmyndaeftirlitið hefur leyft, eða slíkt efni selt eða leigt á myndböndum eða mynddiskum.

Um starfshætti kvikmyndaeftirlitsins og starfsemi þess skulu sett nánari ákvæði í reglugerð er ráðherra setur. Sé brotið gegn ákvæðum þessarar greinar eða ákvæðum reglugerðar, settum samkvæmt henni, varðar það allt að 100 000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Greinargerð.

Miklar umræður hafa átt sér stað hér á landi að undanfögnu í kjölfar þess sem oft hefur verið nefnt myndbandabylting og vissulega er bylting í myndmiðlun, sem þegar hefur haft víðtækar þjóðfélagslegar afleiðingar og án alls efa á eftir að hafa í för með sér enn stórfelldari breytingar á ýmsum sviðum.

Í þessu frumvarpi til breytinga á lögum um vernd barna og ungmenna er aðeins tekið á einum þætti þess vanda, sem myndbandabyltingin hefur skapað. Að mati flutningsmanna er hér um brýnt mál að ræða, og þótt knýjandi þörf sé að fjalla um og marka stefnu varðandi ýmsa aðra þætti þessa máls, þá ber að leggja sérstaka áherslu á að þetta sérstaka mál varðar vernd barna og ungmenna og má ekki lengur dragast að hér sé spyrnt við fótum og þess freistað að stemma stigu fyrir því, sem tvímælalaust verður að telja óheillabróun.

Þegar myndbandatæki fóru að verða algeng almenningseign hér á landi risu víðs vegar fyrirtæki er leigja almenningi kvikmyndir til skoðunar í heimahúsum. Ekki er ljóst hversu mörg þessi fyrirtæki eru, en þau skipta mörgum tugum og starfa í einhverri mynd á velflestum ef ekki öllum þéttbýlisstöðum hér á landi.

Samkvæmt gildandi lögum um vernd barna og ungmenna eru allar kvikmyndir, sem sýndar eru hér á landi, háðar skoðun kvikmyndaeftirlits. Engar reglur eru hins vegar til um skoðun eða kvikmyndaeftirlit varðandi þær kvikmyndir sem myndbandaleigur hafa á boðstólum. Ljóst er að talsverður hluti af efnisframboði á myndböndum er ýmist ofbeldis- eða klámmyndir, sem í grannlöndum okkar eru bannaðar börnum. Hér á landi virðast börn og unglingar hins vegar geta átt óhindraðan aðgang að ofbeldis- og klámmyndum frá myndbandaleigum. Tilgangurinn með flutningi þessa frumvarps er sem hér segir:

1. Að marka þá stefnu í lögum, að ekki megi sýna börnum innan 16 ára kvikmyndir er ætla má að haft geti skaðleg áhrif á siðferði eða sálarlíf þeirra.
2. Að slá því föstu, að kvikmyndir á myndböndum og myndplötum skuli háðar kvikmyndaeftirliti eins og aðrar kvikmyndir ætlaðar almenningi.
3. Að kveða skýrt á um að óheimilt sé að leigja eða sýna börnum innan 16 ára myndefni, sem þeim er talið skaðlegt.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögn.